*Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 1. desember 2016 R16110150*

| *Málsnr.* | *Erindi:* | *Afgreiðsla:* |
|---|---|---|
| | ***Fundargerðir:*** | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | ***Annað:*** | |
| R16110127 | Umsóknar Hafnarlistar um atvinnulóð, dags. 20.11.'16. | Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar. |
| R14100436 | Erindi USK, dags. 15.11.'16, endurnýjuð kostnaðaráætlun ársins 2016 fyrir endurvinnslustöðvar Sorpu og sveitarfélaganna. | Sent Sorpu og borgarfulltrúum til kynningar. |
| R16010183 | Erindi SFS, gjaldskrár skóla- og frístundasviðs 2017. | Sent til vinnslu fjármálaskrifstofu fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun. |
| R16110140 | Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um leiguhúsnæði fyrir hælisleitendur, dags. 24.11.'16. | Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar. |
| R16110141 | Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjármögnun umbótaáætlunar í skólamálum, dags. 24.11.'16. | Sent skrifstofu borgarstjóra til umsagnar. |
| | | |
| | | |

Reykjavíkurborg

Umsókn mótt.:_______________________
dags.. staðfesting

# Umsókn um atvinnulóð

## Fyrir iðnaðar-, verslunar- og/eða skrifstofuhúsnæði

**Umsækjandi:**

| | | |
|---|---|---|
| Nafn fyrirtækis (eða einstaklings)<br>Hafnarlist | Kennitala:<br>501297-2679 | |
| Heimilisfang:<br>P.Box 222 | Póstnúmer:<br>220 | Sveitarfélag:<br>Hafnarfjörður |
| Símar: | Netfang:<br>kps@photo.is | |
| Rekstrarform: Félag áhugafólks um menningu, nýsköpun, menntun og listir | Fjöldi starfsmanna:<br>2-3 | |

| |
|---|
| Viðskiptabanki:<br>Landsbankinn, 0140-26-005012, 0140-38-400512, 01-38-710512 |
| Nöfn stjórnarmanna:<br>Kjartan P. Sigurðsson, Shanghai, Kína, kt. 060962-2199 |
| Heng Shi, Dongxin Str. 88, 200063 Shanghai, Kína, kt. 020380-2769 |
| Jóhanna S. Traustadóttir, Kirkjugata 13, Hofsósi, kt. 090976-4339 |
| Forstjóri/framkvæmdastjóri:<br>Kjartan P. Sigurðsson, Shanghai, Kína, kt. 060962-2199 |
| Hver/hverjir hafa heimild til að þess að skuldbinda fyrirtækið?:<br>Kjartan P. Sigurðsson, Shanghai, Kína, kt. 060962-2199 |
| Heng Shi, Dongxin Str. 88, 200063 Shanghai, Kína, kt. 020380-2769 |
| Hvar í borginni er sótt um lóð?:<br>Hólmsheiði, sunnan við aðstöðu Fisfélagsins, sjá fylgirit (PDF) |
| Einnig var fundað um málið með Magnúsi Inga Erlingssyni, Óla Jóni Hertervig |
| |

**Lóðar- og húsnæðisþörf:**

| |
|---|
| Æskileg lóðarstærð í $m^2$ og fyrirhuguðu notkun hennar:<br>Samkvæmt teikningu getur reitur verið í kringum 26.000$m^2$. Hugmyndin er síðan að |
| skipta niður í minni svæði þar sem áhersla yrði lögð á nýsköpun, vísindastarfsemi, vöru- |
| þróun og erlenda samvinnu. Reynt verður jafnframt að styðja við bakið á ungum |
| vísindamönnum með ýmsum hætti. |

IcelandASIA.com

Áætlun um framtíðarstærð húsnæðis í $m^2$ og $m^3$ ásamt notkun (t.d. skrifstofur, lager, verksmiðja o.s.frv.):

Hugmyndin er að vera með niðurgrafið lokað steypt rými 200-250$m^2$ þar sem væri fullkomin smíðaaðstaða búin allri nýjustu tækni, með CNC smíðavélum, suðuvélum, 3D prenturum, lager af smíðaefni og fullkomið miðlægt tölvukerfi (server). Ofan á umrætt rými væri síðan komið fyrir 50-80$m^2$ hreinlætis-, eldunar- og gistiaðstöðu fyrir vísindamenn. Vandamál með staðsetningu í jaðri RVK eru tíð inbrot og því er rýmið undir gluggalaust.

Byggingarhraði. Tímasett áætlun um byggingaráfanga. Gera skal grein fyrir fjármögnun framkvæmda:

Hugmyndin er að byggja upp 2-5 einingar fyrir sumarið 2017. Rafmagn, ljósleiðari m.m. er þegar til staðar á svæðinu og stutt í vatn og frárennsli. Á reikning í Arion banka eru þegar 12 milljónir klárar til að hefja grunnframkvæmdir. Þar sem engin ákveðin svör hafa borist, að þá er frekari fjármögnun í biðstöðu. Verið er að skoða ýmsa möguleika núna og leita af tilboða í efni og vinnu.

**Núverandi aðstaða:**

| Stærð lóðar í $m^2$: | Stærð húsnæðis í $m^2$: | Stærð húsnæðis í $m^3$: |
|---|---|---|
| 0 $m^2$ | 0 $m^2$ | 0 $m^3$ |

Núverandi húsnæði er:

☐ Leiguhúsnæði ☐ Eignarhúsnæði

Lýsing á núverandi aðstöðu fyrirtækisins:

Hér er nýtt verkefni á ferðinni. Aðstaðan Hafnarlistar hefur að mestur verið í heimahúsum eða félagsheimilum síðustu árin.

Lýsing á núverandi og fyrirhugaðri starfsemi:

Hugmyndin er að safna saman hæfileikamiklu fólki víða um heim á þennan stað með áherslu á nýja tækni og þróunarstarfsemi tengt flugi, drónum, sjálfkeyrandi bílum og róbótum.  Þar væri hægt að prófa umræddan búnað við alvöru íslenskar veðuraðstæður (rok, rigning, snjór...). Staðsetningin er fín, nálægt við RVK, flugvöllur, mismunadi vegir og slóðar. Í næsta nágrenni stöðuvatn, heitt vatn, Landsvirkjun með rafmagn og ljósleiðara. Svæðið er passlega mikið inni á hálendi íslands til að fá alvöru vetrarveður.

*(KPS er að vinna að þróun á björgunartæki fyrir sjómenn... þar sem drón yrði notaður við björgun)*

Annað er umsækjandi óskar að taka fram:

Hér er nýtt verkefni á ferð sem getur gefið marga skemmtilega þróunarmöguleika. Á svæðinu er þegar fyrir góður félagsskapur og grasrót með mikla þekkingu á flugi. Búið er að kenna flug síðan 1978 og smíða í kringum 20 íslenskar fisvélar.

Óskað er jafnframt eftir því að Reykjavíkurborg komi með einhverjum hætti að frekari þróun á þessu svæð. Sumir hafa viljað gefa þessu nafnið "Silicon Valay" eða Silicon Hill!

REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGAR FYRIRTÆKISINS FYRIR TVÖ SÍÐASTLIÐIN ÁR SKULU FYLGJA MEÐ UMSÓKNINNI (EF UM EINSTAKLING ER AÐ RÆÐA SKULU FYLGJA STAÐFEST LJÓSRIT FRÁ SKATTSTOFU)

Umsækjanda skal bent á, að umsókn þessari verði því aðeins sinnt, að hún sé útfyllt til fulls.

Gefnar upplýsingar eru réttar, og hefur athygli mín verið leidd að því, að rangar eða ónógar upplýsingar valda því, að ég kem ekki til greina við úthlutun. Ennfremur, komi í ljós að upplýsingarnar voru rangar þegar úthlutun fór fram, mun úthlutunin verða afturkölluð án fyrirvara.

Umsókn lögaðila (félags eða fyrirtækis) skal undirrituð af prókúruhafa.

| | |
|---|---|
| Reykjavík 20 nóv. 2016 | Kjartan Pétur Sigurðsson |
| Staður dagsetn.: | Undirritun umsækjanda |



Sumir hafa viljað gefa svæðinu nafnið Silicon Hill (Silicon Valay")

**Lóðarumsókn skal skila til þjónustuvers í Borgartúni 12 – 14, 1. hæð, s. 4 11 11 11**

**Einnig er hægt að skila lóðarumsókn þessari undirritaðri rafrænt á netfangið: lodir@reykjavik.is**

# Lög fyrir
## " Hafnarlist " félag áhugafólks um menntun, menningu og listir

Samþykkt á aðalfundi félagsins, 24. mars 2004

1. gr

Félagið heitir HAFNARLIST. Heimili þess og varnarþing er í Hafnarfirði

2. gr.

Tilgangur félagsins er :

1. Að efla samheldni og samstarf meðal áhugafólks um menntun-, menningu og listir.
2. Að stuðla að jákvæðri framþróun mennta-, lista- og menningarlífs.
3. Að efla almenna þekkingu og áhuga á menningu og listum að fornu og nýju
4. Að gæta hagsmuna félagsmanna og koma fram fyrir þá gagnvart innlendum og erlendum aðilum.
5. Að eiga samstarf við hliðstæð félög hér á landi og erlendis.
6. Að efla áhuga og skilning á lista-, menntunar- og menningarmálum meðal almennings og ráðamanna í landinu.

Tilgangi sínum skal félagið ná með því að :

1. Að halda uppi öflugu félagsstarfi og efla persónuleg kynni félaga.
2. Að styrkja menntun og þátttöku félagsmanna í menningar og listaviðburðum.
3. Að efna til fyrirlestra, námskeiða og menningarferða fyrir félagsmenn.
4. Að leita eftir samningum um afnot af aðstöðu fyrir lista-, mennta- og menningarstarfsemi og veita félagsmönnum tækifæri til þess að nýta aðstöðu sem þannig er samið um.
5. Að leita eftir samstarfi við hliðstæð félög eða samtök félaga, hér á landi og erlendis.
6. Að gefa út eða stuðla að útgáfu fræðsluefnis, prentaðs eða á rafrænu formi sem varða málefnavettvang félagsins.

3. gr. Félagar

Félagsmaður getur hver sá orðið sem stjórn félagsins samþykkir og hefur greitt tilskilið félagsgjald. Stjórn félagsins getur veitt styrktarfélögum aðgang að aðstöðu félagsins og aukaaðild að starfsemi þess.

4. gr. Árgjald

Félagsmenn greiða árgjald til félagsins sem er ákveðið á aðalfundi þess til eins árs í senn. Atkvæðisrétt í félaginu og á fundum þess hafa aðeins þeir félagsmenn sem eru skuldlausir við félagið. Aukaaðild styrktar-félaga fylgir ekki atkvæðisréttur.

5. gr. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn einu sinni á ári. Til hans skal boða skriflega fundarboði með 10 daga fyrirvara skemmst og er hann þá lögmætur.

6. gr. Dagskrá aðalfundar

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundi stýrir kjörinn fundarstjóri og einnig skal kjörinn ritari fundarins. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál :

1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins
3. Kosning stjórnar
4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
5. Árgjald.
6. Lagabreytingar
7. Önnur mál.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála sé annars ekki getið í lögum þessum. Atkvæðisrétt hafa allir viðstaddir, fullgildir félasmenn. Fundargerð aðalfundar, undirrituð af fundarstjóra og ritara skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá aðalfundi.

7. gr. Reikningsár

Reikningsár félagsins miðast við aðalfund. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja fyrir a.m.k. einni viku fyrir aðalfund.

8. gr. Lagabreytingar

Lögum félagsins veður aðeins breytt á aðalfundi félagsins. Í fundarboði skal þess getið sérstaklega ef tillaga til lagbreytinga verði tekin til meðferðar á fundinum og skal efni hennar lýst. Nái tillaga til lagabreytingar samþykki 2/3 hluta fundarmanna öðlast hún gildi.

9. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skal kosin til tveggja ára í senn og skal hún skipuð þremur mönnum, formanni, gjaldkera og meðstjórnanda. Formann skal kjósa sérstaklega. Stjórn skiptir með sér störfum

10. gr. Verksvið stjórnar

Stjórn félagsins sinnir málefnum félagsins með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvörðun um starfsemi félagsins. Hún skuldbindur félagið gagnvart aðiljum þess og er undirskrift formanns og eins annars stjórnarmanns nægileg til þess. Allar meiriháttar skuldbindingar félagsins skulu þó hljóta samþykki félagsfundar sem boða skal til skv. 5. gr.

11. gr. Stjórnarfundir

Stjórnarfundi skal halda svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar stjórnarfundi. Skal til þeirra boða með tryggilegum hætti og með a.m.k. eins dags fyrirvara ef mögulegt er. Stjórnarfundur er ályktunarfær er tveir aðalstjórnarmenn sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Falli atkvæði jafnt, ræður atkvæði formanns úrslitum. Gerðir stjórnarinnar skulu færðar í til þess gerða fundargerðabók.

12. gr. Félagsfundir

Stjórn félagsins getur, þegar henni þykir ástæða til, boðað til félagsfundar er hafi sama vald og aðalfundur. Þá getur 1/6 atkvæðabærra félagsmanna krafist slíks fundar og skal krafan skrifleg. Þar skal gera grein fyrir ástæðum og rakin þau mál sem óskað er eftir að fundurinn fjalli um. Skal til fundarins boða eigi síðar en 14 dögum eftir að krafan er móttekin. Til félagsfunda skal boða samkvæmt 5. gr.

13. gr. Starfsnefndir og framkvæmdastjórn

Stjórn félagsins skal skipa nefndir til að starfa að ákveðnum málefnum eða verkefnum eftir því sem ástæða þykir til og skulu slíkar nefndir starfa samkvæmt þeim reglum er stjórnin setur. Nefndarmenn þurfa ekki að vera stjórnarmenn. Stjórn félagsins er einnig heimilt að ráða framkvæmdastjóra til þess að annast daglegan rekstur félagsins og setja honum starfsreglur.

14. gr. Félagsslit

Félaginu verður aðeins slitið á aðalfundi sem sérstaklega hefur verið boðaður í því skyni, og verður a.m.k. 1/3 atkvæðabærra félaga að vera mættur og 3/4 hinna mættu fundarmanna samþykkir slitum þess. Verði félagsslit ákveðin skal fundurinn tilnefna aðila, sem fela skal umsjá eigna félagsins, þar til annað félag í svipuðum tilgangi er stofnað og ganga eignirnar þá til hins nýja félags

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði 24. mars 2004

Staðfest án breytinga skv. aðalfundi 7. febrúar 2014

Kjartan P Sigurðsson formaður

Heng Shi kt 020380 2769

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI

[ Fyrirtækjaskrá ]

# Félagasamtök

## Tilkynning um breytingu á stjórn/prókúru

**Tilkynning þessi skal sýna stjórn félagsins í heild sinni.**
**Stjórn skal ávallt kjósa í samræmi við samþykktir félagsins.**

| | |
|---|---|
| **Nafn félags** Hafnarlist | Kt. 5012972679 |

**Stjórn félagsins skipa samkvæmt fundi (dags)** 07.02.2014

**Formaður stjórnar**

| | |
|---|---|
| Nafn Kjartan P Sigurðsson, Shanghai, Kína | Kt. 0609622199 |

**Meðstjórnendur**

| | |
|---|---|
| Nafn Heng Shi, Dongxin Str. 88, Shanghai 200063, Kína | Kt. 0203802769 |
| Nafn Jóhanna S Traustadóttir, Kirkjugata 13, Hofsósi | Kt. 0909764359 |
| Nafn | Kt. |
| Nafn | Kt. |

**Varamenn**

| | |
|---|---|
| Nafn | Kt. |
| Nafn | Kt. |
| Nafn | Kt. |

**Prókúruhafar (ef eru)**

| | |
|---|---|
| Nafn | Kt. |
| Nafn | Kt. |

**Staður og dagsetning** Hafnarfirði 28.03.2014

Allir stjórnarmenn/prókúruhafar þurfa að undirrita tilkynninguna.
Ef allir stjórnarmenn eru nýir þarf meirihluti fráfarandi stjórnar einnig að undirrita.

Undirritanir (nafn, kennitala og netfang)

| | | |
|---|---|---|
| Kjartan P. Sig. | 060962-2199 | kps@photo.is |
| Heng Shi | 020380-2769 | hshibi@gmail.com |
| Jóhanna S.T. | 090976-4359 | ingvar74@simnet.is |
| | | |
| | | |
| | | |




SÉRLAUSNIR

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

# Gistill

## Nýjung í gistirými fyrir ferðaþjónustu

Gistill er ný gerð einingahúsa úr timbri sem eru sérstaklega hönnuð með þarfir þeirra sem reka hótel og gistiheimili í huga. Jafnframt er upplifun ferðamannsins og nálægð hans við náttúruna gert hátt undir höfði með stórum gluggum. Ennfremur er hægt að panta þakglugga sem getur verið áhugaverð lausn til að lengja ferðamannatímabilið á þeim stöðum sem sést vel til norðurljósa eða stjarna.

Einingakerfið býður upp á sveigjanleika til að laga hýsin að aðstæðum þar sem þess gerist þörf*. Einingarnar eru framleiddar eftir ströngustu gæðakröfum og er allt timbur úr sjálfbærum skógum. Hægt er að nota steypta plötu sé þess óskað.

Innifalið í verði er gerð aðaluppdrátta, skráningartöflu og burðarþolsteikninga**. Gistill er hannaður af Jóhanni Sigurðssyni hjá Tendra ehf. í samræmi við kröfur um gistirými og íslenskar aðstæður.

Gistihýsin má fá í ýmsum stærðum og geta þau staðið ein og sér, í þyrpingum eða í lengjum. Hægt er að panta ganga- og þjónustueiningar sem eru hannaðar eftir þörfum hvers og eins. Einnig er boðið upp á heildarlausnir vegna hótel- og gistirekstrar, útfærðar í samráði við kaupanda.




Þakgerðir.



Sveigjanleiki – Hægt að spegla.



Klæðningar – Hægt að velja ýmsar útfærslur á klæðningu.



Dæmi um samsetningarmöguleika.



Heildarlausnir.

**Nánari upplýsingar veita sölumenn timburverslunar BYKO í síma 515-4000 eða með tölvupósti á serlausnir@byko.is.**

*Getur leitt til aukakostnaðar. **Forsenda þess er að fyrir liggi samþykkt deiliskipulag eða ígildi þess og að kaupandi útvegi afstöðumynd á rafrænu formi hjá viðkomandi byggingaryfirvöldum á staðnum (DWG/DXF skrár eða sambærilegt).

# GERÐ B



Gerð B samsett með þakglugga.










Þrjár grunnútfærslur eru af gerð B. Grunnútfærslan nefnist Gerð B. Gerð B-L gerir ráð fyrir aðgengi fyrir hjólastóla og Gerð B-XL er með aukaherbergi og ætlað fyrir fjölskyldu eða lítinn hóp. Innra fyrirkomulag lágmarkar ganga og eykur flatarmál íverurýma. Gerð B getur staðið ein og sér eða margar saman.

# GERÐ C



Gerð C samsett með þakglugga.

### GERÐ C




Gerðir C og D eru ílangar og með fyrirkomulagi hefðbundins hótelherbergis en með stóra glugga til að gesturinn geti sem best notið útsýnis.

Gerð C gerir ráð fyrir hjólastólaaðgengi.

Í boði er mænisþak eða flatt þak.

### GERÐ D











Gerð C samsett með mænisþaki.

EXPO - www.expo.is

**Nánari upplýsingar veita sölumenn timburverslunar BYKO í síma 515-4000 eða með tölvupósti á serlausnir@byko.is.**

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



390m
365m
225m
150m
05
06
08
13
15
18
23
24
31
33
FREE
WiFi
x21
x15
0 10 20 30 40 50 60 70 80 90 100
SKIPULAG HÓLMSHEIÐI 2016
1:10
Project name • Verkheiti
FISFÉLAG REYKJAVÍKUR AÐSTAÐA
Kjartan Pétur Sigurdsson • Electronic Eng. B. Sc.
Room 3101, Building 35 • Dongxin Street 88 • Putuo District
Shanghai 200063, China • kps@kps.is • www.kps.is
Project Components • Verkhluti
YFIRLIT HUGMYNDIR
Design by: KPS
Draw by: KPS
Date: 25/02/16
Drawing nr. Idea
Page nr. 1 of 1


www.photo.is








www.photo.is




www.photo.is


www.photo.is


www.photo.is

www.photo.is

www.photo.is

AISHELP.COM

©2016 KPS Kjartan P. Sigurdsson

SAT-SAR - AIS

GSM

Samgöngustofa



3D

# Sjálfvirkt björgunarkerfi fyrir sjómenn



lost at sea



AISHELP.COM

KPS

iShipIoT.com

AED

AIS

SOS

PHOTO.IS

LODMUNDUR.COM
ASIA • ICELAND • EUROPE • NORTH AMERICA
New North Pole Route over Iceland

EVGreenFuel.com

IcelandASIA.com

Ikon4.me

CPU

GPS

IR-Cam

90%


AISHELP.COM
©2014 KPS Kjartan P. Sigurdsson
AISHELP SAT
SAT-SAR - AIS
B
A KPS GSM SAR & AIS SAR
B Norwegian AIS Space Center program
Icelandic AIS Space Center program
Danish AIS Space Center Program
C Automatic Extreme Rescue System
D Dronera UAV
E Drone Live Save program
Dronera UAV
D
AISHELP FLY
1
2
3
4
5
6
7
8
E
AIS
GSM
A
AISHELP WATER
Max 100 Kg
C
AISHELP SHIP
AIS Drone Rescue system
Project name • Verkheiti
Search and Rescue AIS
LIFESAVE
Project Components • Verkhluti
AISHELP.COM
Drawing nr.
Idea
Kjartan Pétur Sigurdsson • Electronic Eng. B. Sc.
Room 3106, Building 35 • Dongxin Street 88 • Putuo District
Shanghai 200063, China • kps@kps.is • www.kps.is
Design by:
KPS
Draw by:
KPS
Date:
18/11/16
Page nr.
1 of 10

# CONTINUE LEARNING IN THE FIELD




## NVIDIA AI DGX-1 HPC 250 Server in box
## 170TF Deep Learning System

170TF, Deep Lerning system, 16nm 15.3 billion FinFET transistors
8 x Tesla P100 (3584 CUDA Cores) w Pascal architecture, NVLink
2 x Intel Xeon E5-2698 v3 (16 core, Haswell-EP)
System Memory 512GB DDR4-2133 (LRDIMM)
GPU Memory 128GB HBM2 (8x 16GB)
Storage 4x Samsung PM863 1.92TB SSDs
Networking 4x Infiniband (EDR 100G, HDR 200G), 2x 10GigE
Power 3200W, Operating Temp: 10 – 35 °C, 866 D x 444 W x 131 H (mm)
GPU Throughput FP16: 170 TFLOPs, FP32: 85 TFLOPs, FP64: 42.5 TFLOPs



$ 129.000

$ 200-1000

# JETSON SDK




## 10x Energy Efficiency
Alexnet




| | |
|---|---|
| GPU | 1 TFLOPS<br>256-core Maxwell |
| CPU | 64-bit ARM A57s |
| Memory | 4GB LPDDR4<br>26 GB/s |
| Power | Under 10W |

Under 10W for typical use cases

**Hugbúnaður og tölvubúnaður**

| Project name • Verkheiti | Project Components • Verkhluti | Drawing nr. |
|---|---|---|
| Search and Rescue AIS LIFESAVE | AISHELP.COM | Idea |

KPS — Kjartan Pétur Sigurdsson • Electronic Eng. B. Sc.
Room 3106, Building 35 • Dongxin Street 88 • Putuo District
Shanghai 200063, China • kps@kps.is • www.kps.is

| Design by: | Draw by: | Date: | Page nr. |
|---|---|---|---|
| KPS | KPS | 18/11/16 | 1 of 10 |

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 15. nóvember 2016
USK2016090021
2.0

Málsnr.: R14100436
Skjalasafn Ráðhúss
22. nóv. 2016
Bréfalykill: 62510

Borgarráð Reykjavíkur

Ráðhúsi Reykjavíkur

***Endurnýjuð kostnaðaráætlun ársins 2016 fyrir endurvinnslustöðvar Sorpu og sveitarfélaganna, mál R14100436***

Þann 12. september sl. barst Umhverfis- og skipulagssviði frá borgarráði til meðferðar endurnýjuð kostnaðaráætlun ársins 2016 fyrir endurvinnslustöðvar Sorpu og sveitarfélaganna, mál nr. R14100436.

Málið var kynnt umhverfis- og skipulagsráði þann 28. september sl. og unnið samhliða starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs. Uppgjör endurvinnslustöðva Sorpu er alla jafnan unnið í mars ár hvert og fellur því á næsta fjárhagsár. Gert er ráð fyrir hækkuðum rekstrarkostnaði endurvinnslustöðva Sorpu og uppgjöri vegna ársins 2016 í fjárhagsáætlun Umhverfis- og skipulagssviðs árið 2017. Leitað var leiða til að lækka rekstrarkostnað endurvinnslustöðvanna. Í greinargerð með rekstraráætlun Sorpu 2017-2021, sem samþykkt var í stjórn Sorpu 14. október sl., segir m.a.:

*"Í eftirfarandi áætlun er gert ráð fyrir að eftirfarandi breytingar á rekstri komi til framkvæmda á næstu árum...*

*Endurvinnslustöðvar:*

1. *Opnunartíma endurvinnslustöðva verði breytt þ.a. stöðvarnar loki alltaf á sama tíma óháð því hvort um virkan dag eða helgi er að ræða (verði 12:00 – 18:30, opnunartími styttur um 2,5 tíma á viku). Þetta verði komið til framkvæmda 1. mars 2017 og skili sparnaði upp á 19 milljónir kr/ári (sparnaður árið 2017 því rúmar 14 milljónir)*
2. *Innheimta í hliði endurvinnslustöðva verði sjálfvirk innan 3ja ára. Hægt verði að fækka starfsmönnum um 3 á fyrsta ári innleiðingar en síðan um 5 á 3ja ári eftir innleiðingu (miðað við óbreyttan fjölda stöðva)*
3. *Endurvinnslustöðvunum á Sævarhöfða og Mosfellsbæ verði lokað árið 2019. Ný stöð verði reist á Lambhagavegi á sama tíma. Starfsmönnum verði fækkað um 2.*
4. *Endurvinnslustöðin á Dalvegi verði flutt þegar árið 2018 og Jafnaseli verði lokað árið 2019. Bæði þessi verkefni gefa forsendur til að fækka starfsfólki um 3.*
5. *Rekstrarfyrirkomulag verður sérstaklega skoðað af starfshópi á vegum SSH.*

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12–14
105 Reykjavík

*Til viðbótar þessum aðgerðum er áætlað að herða til muna eftirlit með því efni sem ekki á heima í blönduðum úrgangi eða grófum úrgangi. Gert er ráð fyrir að ná megi fram um 45 milljón króna minni útgjöldum í förgunargjöldum en á móti koma meiri launakostnaður tímabundið. Áætlaður sparnaður 20 milljónir samtals. Eigin tekjur endurvinnslustöðvanna eru m.a. vegna innheimtu af inneignarkortum og bein sala í hliði. Sala á endurvinnslustöðvunum er skv. rúmmáli og er gjaldskráin í dag 4.600 kr/rúmmeter (minnsta eining er 0,25 rúmmetrar eða 1.150 kr). Í meðfylgjandi áætlun er gert ráð fyrir að gjaldið hækki í 5.200 kr/rúmmeter (13%). Við það má gera ráð fyrir að tekjur geti hækkað um 9 milljónir á ársgrundvelli."*

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Friðriksson
Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 24. nóvember 2016
SFS2016020033
2.1
HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Málsnr.: R16010183
Skjalasafn Ráðhúss
28. nóv. 2016
Bréfalykill: 1210

***Efni: Gjaldskrár skóla- og frístundasviðs 2017 - Trúnaðarmál***

Á 109. fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. nóvember 2016 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. nóvember 2016, drög að gjaldskrám skóla- og frístundasviðs 2017 og minnisblað fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 11. nóvember 2016. Jafnframt lögð fram drög að starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs árið 2017. Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs, kynnti og svaraði fyrirspurnum.

Málinu var vísað til borgarráðs.
Málinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 21. nóvember 2016
Drög að gjaldskrá skóla- og frístundasviðs 2017
Minnisblað fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 11.nóvember 2016
Drög að starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2017

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 21. nóvember 2016
SFS2016020033
109. fundur
HG/kg

# MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Áhrif nýrrar þjóðhagsspár á frumvarp að fjárhagsáætlun 2017***

Á 106. fundi skóla- og frístundaráðs var lögð fram starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skóla- og frístundasvið og henni vísað til borgarráðs.

Föstudaginn 4. nóvember 2016 gaf Hagstofa Íslands út nýja þjóðhagsspá þar sem þróun hagtalna er talsvert frábrugðin forsendum Reykjavíkurborgar frá því í júní sl.

Það er mat fjármálaskrifstofu Reykavíkurborgar að breyttar forsendur varðandi launa- og verðlagsþróun kalli á endurskoðun á frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017.

Fjármálaskrifstofa mælir með að:

- Hækkun gjaldskrártekna verði að jafnaði miðuð við 2,4% hækkun en ekki 3,9%.
- Fjárheimildir sviða og stofnana verði lækkaðar sem nemur því að annar rekstrarkostnaður hækki um 2,4% í stað 3,9%).
- Fjárheimildir sviða og stofnana verði lækkaðar sem nemur því að innri leiga hækki í samræmi við breyttar verðlagsforsendur

Ljóst er að ofangreindar breytingar hafa í för með sér umtalsverða vinnu fyrir stofnanir, svið og fyrirtæki. Fjármálskrifstofa telur engu að síður að hjá þessum breytingum verði ekki komist þar sem fjárheimildir yrðu ella of rúmar um allt að 900 m.kr. m.v. nýjar forsendur sem gæti leitt af sér hallarekstur fyrir borgina.

# Gjaldskrár 2017

# Skóla- og frístundasvið

1 Frístundaheimili
2 Smíðavellir
3 Sumarnámskeið
4 Máltíðir í grunnskólum
5 Skólahljómsveitir
6 Leikskólar - námsgjald
7 Leikskólar - fæðisgjald
8 Leikskólar - börn íslenskra ríkisborgara með lögheimili erlendis
9 Framlag vegna barna hjá dagforeldrum

# Frístundaheimili

| | | | 2017 | 2016 | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lýsing | Skýring | Eining | Verð | Verð var | Hækkun |
| Vistun 5 daga | | | 13.060 | 12.750 | 2,4% |
| Vistun 4 daga | | | 10.650 | 10.400 | 2,4% |
| Vistun 3 daga | | | 8.220 | 8.030 | 2,4% |
| Vistun 2 daga | | | 5.800 | 5.660 | 2,5% |
| Vistun 1 dag | | | 3.370 | 3.290 | 2,4% |
| Lengd viðvera | | | 1.960 | 1.910 | 2,6% |
| Síðdegishressing 5 daga | | | 3.770 | 3.680 | 2,5% |
| Síðdegishressing 4 daga | | | 3.020 | 2.950 | 2,4% |
| Síðdegishressing 3 daga | | | 2.260 | 2.210 | 2,3% |
| Síðdegishressing 2 daga | | | 1.520 | 1.480 | 2,7% |
| Síðdegishressing 1 dag | | | 770 | 750 | 2,7% |

Systkinaafsláttur vegna eldra/eldri systkina með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og yngra systkini. Afsláttur nær eingöngu til vistunargjalds:

Yngsta barn fullt gjald - ef á ekkert yngra systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri
Yngsta barn 50% afsláttur - ef á yngri systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri
Annað barn 75% afsláttur
Þriðja barn 100% afsláttur
Fjórða barn 100% afslattur

## Smíðavellir

| | | | 2017 | 2016 | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lýsing | Skýring | Eining | Verð | Verð var | Hækkun |
| Vikugjald | | | 5.460 | 5.330 | 2,4% |

0

## Sumarnámskeið

| | | | 2017 | 2016 | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lýsing | Skýring | Eining | Verð | Verð var | Hækkun |
| Sumarnámskeið 6-9 ára - 5 dagar | Heill dagur | | 8.671 | 8.470 | 2,4% |
| Gæsla 1 klst - 5 dagar | | | 2.530 | 2.470 | 2,4% |

# Máltíðir í grunnskólum

| Lýsing | Skýring | Eining | 2017<br>Verð | 2016<br>Verð var | Hækkun |
|---|---|---|---|---|---|
| Mánaðaráskrift | Jafnaðargjald | | 9.270 | 9.270 | 0,0% |

Foreldrar greiða einungis skólamáltíðir fyrir tvö börn, önnur njóta 100% afsláttar
Skilyrði er að systkini séu með sama lögheimili og fjöldksyldunúmer í þjóðskrá

## Skólahljómsveitir

| Lýsing | Skýring | Eining | 2017<br>Verð | 2016<br>Verð var | Hækkun |
|---|---|---|---|---|---|
| Grunnnám | | pr. Skólaár | 27.350 | 26.700 | 2,4% |
| Miðnám | | | 27.350 | 26.700 | 2,4% |
| Hljóðfæraleiga | | | 8.300 | 8.100 | 2,5% |

# Leikskólar - námsgjald

| Lýsing | Skýring | Eining | 2017 Verð | 2016 Verð var | Hækkun |
|---|---|---|---|---|---|
| Námsgjald | Flokkur I | pr.4 klst | 8.480 | 8.480 | 0,0% |
| Námsgjald | Flokkur I | pr.5 klst | 10.600 | 10.600 | 0,0% |
| Námsgjald | Flokkur I | pr.6 klst | 12.720 | 12.720 | 0,0% |
| Námsgjald | Flokkur I | pr.7 klst | 14.840 | 14.840 | 0,0% |
| Námsgjald | Flokkur I | pr.8 klst | 16.960 | 16.960 | 0,0% |
| Námsgjald | Flokkur I | pr.9 klst | 28.680 | 28.680 | 0,0% |
| Námsgjald | Flokkur II | pr.4 klst | 3.520 | 3.520 | 0,0% |
| Námsgjald | Flokkur II | pr.5 klst | 4.400 | 4.400 | 0,0% |
| Námsgjald | Flokkur II | pr.6 klst | 5.280 | 5.280 | 0,0% |
| Námsgjald | Flokkur II | pr.7 klst | 6.160 | 6.160 | 0,0% |
| Námsgjald | Flokkur II | pr.8 klst | 7.040 | 7.040 | 0,0% |
| Námsgjald | Flokkur II | pr.9 klst | 11.885 | 11.885 | 0,0% |

**Skilgreining flokka**

Flokkur I — Giftir foreldar, sambúðarfólk

Flokkur II —
- Einstæðir foreldrar, hjón&sambúðarfólk- báðir í námi
- Ef annað eða báðir foreldrar eru öryrkjar.
- Starfsmenn sem sækja um lægra gjald

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla er veittur **75 % afsláttur vegna annars barns en 100% vegna þriðja og fjórða barns** af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin. Um skilyrði afsláttar er vísað til reglna um leikskólaþjónustu.

# Leikskólar - fæðisgjald

| Lýsing | Skýring | Eining | 2017 | 2016 1.okt | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Verð | Verð var | Hækkun |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.4 klst | 2.105 | 2.105 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.5 klst | 8.382 | 8.382 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.6 klst | 8.382 | 8.382 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.7 klst | 10.487 | 10.487 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.8 klst | 10.487 | 10.487 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.9 klst | 10.487 | 10.487 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur II | pr.4 klst | 2.105 | 2.105 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur II | pr.5 klst | 8.382 | 8.382 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur II | pr.6 klst | 8.382 | 8.382 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur II | pr.7 klst | 10.487 | 10.487 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur II | pr.8 klst | 10.487 | 10.487 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur II | pr.9 klst | 10.487 | 10.487 | 0,0% |

**Skilgreining flokka**

Flokkur I — Giftir foreldar, sambúðarfólk

Flokkur II —
- Einstæðir foreldrar, hjón&sambúðarfólk- báðir í námi
- Ef annað eða báðir foreldrar eru öryrkjar.
- Starfsmenn sem sækja um lægra gjald

Sama gjald fyrir alla flokka

Enginn systkinaafsláttur er veittur af fæðisgjaldi

## Leikskólar - börn íslenskra ríkisborgara með lögheimili erlendis

| | | | 2017 | 2016 | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Lýsing** | **Skýring** | **Eining** | **Verð** | **Verð var** | **Hækkun** |
| Námsgjald | Flokkur I | pr.4 klst | 36.004 | 35.160 | 2,4% |
| Námsgjald | Flokkur I | pr.5 klst | 45.005 | 43.950 | 2,4% |
| Námsgjald | Flokkur I | pr.6 klst | 54.006 | 52.740 | 2,4% |
| Námsgjald | Flokkur I | pr.7 klst | 63.007 | 61.530 | 2,4% |
| Námsgjald | Flokkur I | pr.8 klst | 72.008 | 70.320 | 2,4% |
| Námsgjald | Flokkur I | pr.9 klst | 85.509 | 83.505 | 2,4% |

| | | | 2017 | 2016 | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Lýsing** | **Skýring** | **Eining** | **Verð** | **Verð var** | **Hækkun** |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.4 klst | 2.105 | 2.105 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.5 klst | 8.382 | 8.382 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.6 klst | 8.382 | 8.382 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.7 klst | 10.487 | 10.487 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.8 klst | 10.487 | 10.487 | 0,0% |
| Fæðisgjald | Flokkur I | pr.9 klst | 10.487 | 10.487 | 0,0% |

Sama gjald fyrir alla flokka
Enginn systkinaafsláttur

# Framlag vegna barna hjá dagforeldrum

| | | | 2017 | 2016 | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Lýsing** | **Skýring** | **Eining** | **Verð** | **Verð var** | **Hækkun** |
| Niðurgreiðsla | Flokkur I | pr.4 klst | 23.804 | 23.804 | 0,0% |
| Niðurgreiðsla | Flokkur I | pr.5 klst | 29.755 | 29.755 | 0,0% |
| Niðurgreiðsla | Flokkur I | pr.6 klst | 35.706 | 35.706 | 0,0% |
| Niðurgreiðsla | Flokkur I | pr.7 klst | 41.657 | 41.657 | 0,0% |
| Niðurgreiðsla | Flokkur I | pr.8 klst | 47.608 | 47.608 | 0,0% |
| Niðurgreiðsla | Flokkur I | pr.9 klst | 49.096 | 49.096 | 0,0% |
| Niðurgreiðsla | Flokkur II | pr.4 klst | 32.592 | 32.592 | 0,0% |
| Niðurgreiðsla | Flokkur II | pr.5 klst | 40.740 | 40.740 | 0,0% |
| Niðurgreiðsla | Flokkur II | pr.6 klst | 48.888 | 48.888 | 0,0% |
| Niðurgreiðsla | Flokkur II | pr.7 klst | 57.036 | 57.036 | 0,0% |
| Niðurgreiðsla | Flokkur II | pr.8 klst | 65.184 | 65.184 | 0,0% |
| Niðurgreiðsla | Flokkur II | pr.9 klst | 70.206 | 70.206 | 0,0% |

**Skilgreining flokka**

Flokkur I — Giftir foreldar, sambúðarfólk

Flokkur II —
- Einstæðir foreldrar, hjón&sambúðarfólk- báðir í námi
- Ef annað eða báðir foreldrar eru öryrkjar.
- Starfsmenn á leikskólum Rvk sem sækja um lægra gjald

**Systkinaafsláttur** (vegna eldra/eldri systkina með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og yngra systkini
Ef eldra barn er á leikskóla þá reiknast systkinaafsláttur á það barn
Ef 2 börn eða fleiri eru hjá dagforeldri reiknast sértstakt viðbótargjald v. Systkina
Afsláttur reiknast alltaf á elsta barn

Reykjavíkurborg
*Fjármálaskrifstofa*

BBS/HK/GSS
R16010183
11. nóv. 2016

# Minnisblað

Til borgarstjóra
Frá fjármálastjóra
Efni: Áhrif nýrrar þjóðhagsspár á frumvarp að fjárhagsáætlun 2017

Föstudaginn 4. nóv. sl. gaf Hagstofa Íslands út nýja þjóðhagsspá þar sem þróun hagtalna er talsvert frábrugðin forsendum Reykjavíkurborgar frá því í júní sl. Helstu breytingar í nýrri þjóðhagsspá varðar í fyrsta lagi árið 2016 og eru breytingar sýndar í meðfylgjandi töflu:

| Helstu breytingar 2016 | Eldri spá | Ný spá | breyting |
|---|---|---|---|
| Verg landsframleiðsla | 4,3% | 4,8% | 0,5% |
| Vísitala neysluverðs | 2,2% | 1,8% | -0,4% |
| Gengisvísitala | -6,0% | -9,5% | -3,5% |
| Atvinnuleysi, % af vinnuafli | 3,4% | 3,1% | -0,3% |
| Launavísitala | 11,1% | 11,2% | 0,1% |
| Olíuverð | -29,0% | -15,6% | 13,4% |

Þjóðhagsspáin sýnir að verðbólga er 0,4%-stigum undir eldri spá og 1%-stigi undir forsendum fjárhagsáætlunar ársins. Taflan sýnir að gengisstyrkingin innan ársins hefur átt ríkan þátt í lágri verðbólgu á árinu 2016 þrátt fyrir tveggja stafa hlutfallshækkanir launa, mikla aukningu kaupmáttar launa og vaxandi spennu á vinnumarkaði.

Þjóðhagsspáin fyrir árið 2017 felur einnig í sér miklar breytingar miðað við þá spá sem forsendur fjárhagsáætlunar byggja á. Þetta er sýnt í meðfylgjandi töflu:

| Helstu breytingar 2017 | Eldri spá | Ný spá | breyting |
|---|---|---|---|
| Verg landsframleiðsla | 3,5% | 4,4% | 0,9% |
| Vísitala neysluverðs | 3,9% | 2,4% | -1,5% |
| Gengisvísitala | 0,0% | -5,2% | -5,2% |
| Atvinnuleysi, % af vinnuafli | 3,4% | 3,0% | -0,4% |
| Launavísitala | 6,3% | 6,6% | 0,3% |
| Olíuverð | 18,8% | 15,7% | -3,1% |

Taflan sýnir að nú er spáð áframhaldandi gengisstyrkingu í stað 0% og spáð er 1,5%-stigum lægri verðbólgu en í eldri spá og forsendum fjárhagsáætlunar þrátt fyrir áframhaldandi hækkanir kaupmáttar launa og veita má athygli að nú er spáð 3,1% stigum minni hækkunum olíuverðs er áður.

Fjármálaskrifstofa telur rétt að meta nú hvort tilefni er til að endurskoða forsendur frumvarps að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017. Áhrifin á A-hluta eru í grófum dráttum þessi:

1. Verðbólga hefur áhrif á almenn rekstrarútgjöld sviða og stofnana A-hluta, greiðslur vegna verðtryggða skulda og eigna og reiknaðar verðbætur sem bætast við höfuðstól þeirra.

Reykjavíkurborg
*Fjármálaskrifstofa*

BBS/HK/GSS
R16010183
11. nóv. 2016

Verðbólgan hefur einnig áhrif á lífeyrisskuldbindingu LsRb. Ef verðbólgan reynist 2,4% og ekki 3,9% þá væru útgjöld og fjárheimildir fagsviðanna ofáætlaðar um 480 mkr og fjármagnsliðurinn ofáætlaður um 470 mkr. Áhrif lægri verðbólgu á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar eru neikvæð um 1.050 mkr vegna þess að mikil hluti eigna lífeyrissjóðsins er verðtryggður. Heildaráhrifin af 1,5% lægri verðbólgu á rekstrarniðurstöðu eru neikvæð um 170 mkr.

| Áhrif verðbólgu á A-hluta | Breyting m.v. nýja spá |
|---|---|
| Þjónustutekjur | -70 |
| Annar rekstrarkostnaður | 480 |
| Fjármagnsliður | 472 |
| Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar | -1.050 |
| Áhrif á rekstrarniðurstöðu | -168 |

Verðbólga hefur einnig áhrif á innri viðskipti, s.s. á húsnæðiskostnað (innri leigu) stofnana og sviða í Aðalsjóði sem tekjufærist í Eignasjóði, en þessi viðskipti hafa ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu A-hluta. Þessi áhrif eru metin á um 400 mkr, þ.a. um 130 mkr vegna samgöngumannvirkja og um 270 mkr vegna fasteigna.

2. Launaþróun hefur áhrif á útsvarstekjur og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar. Hækkun launavísitölu á þessu ári er talin 0,1% stigi hærri en eldri spá og hækkun á næsta ári 0,3% stigum umfram eldri spá, eða alls 0,4% stigum hærra á næsta ári en ella.

| Áhrif hækkunar launavísitölu á A-hluta | Breyting m.v. nýja spá |
|---|---|
| Hækkun útsvarstekna | 220 |
| Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar | -400 |
| Áhrif á rekstrarniðurstöðu | -180 |

Það er mat fjármálaskrifstofu að þessar breyttu forsendur varðandi launa- og verðlagsþróun kalli á endurskoðun á frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017. Heildaráhrifin á A-hluta eru neikvæð um 350 mkr og fela m.a. í sér 1.450 mkr hækkun á gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar sem mikilvægt er að mæta. Þess vegna er mælt með því að:

- ✓ Hækkun gjaldskrártekna verði að jafnaði miðuð við 2,4% hækkun en ekki 3,9%
- ✓ Fjárheimildir sviða og stofnana verði lækkaðar sem nemur því að annar rekstrarkostnaður hækki um 2,4% í stað 3,9%.
- ✓ Fjárheimildir sviða og stofnana verði lækkaðar sem nemur því að innri leiga hækki í samræmi við breyttar verðlagsforsendur.
- ✓ Því verði beint til Orkuveitu Reykjavíkur, Félagsbústaða og Strætó að þau hefji jafnframt endurskoðun fjárhagsáætlunar á grundvelli breyttra forsendna hvað varðar verðlag, gengi, laun og eftir atvikum olíuverð og samstæðuáætlun verði endurskoðuð í samræmi við það.

Reykjavíkurborg
*Fjármálaskrifstofa*

BBS/HK/GSS
R16010183
11. nóv. 2016

Ljóst er að ofangreindar breytingar hafa í för með sér umtalsverða vinnu fyrir stofnanir, svið og fyrirtæki. Fjármálaskrifstofa telur engu að síður að hjá þessum breytingum verði ekki komist þar sem fjárheimildir yrðu ella of rúmar um allt að 900 mkr m.v. nýjar forsendur sem gæti leitt af sér hallarekstur fyrir borgina.

*Birgir Björn Sigurónsson*
fjármálastjóri

# SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

LEIÐARLJÓS:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017

| | Áætlun 2017 |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 4.038.966 |
| **Tekjur samtals** | **4.038.966** |
| Laun og launatengd gjöld | 30.542.350 |
| Annar rekstrarkostnaður | 17.442.359 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **47.984.709** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **43.945.743** |

Fjárhagsáætlun sem er lögð hér fram fyrir árið 2017 hefur þurft að vinna með öðrum hætti en áður þar sem launaáætlunarkerfi sem hefur verið í innleiðingu er ekki komið í notkun. Launaáætlun í fjárhagsáætlun er gerð með þeim hætti að launarammi 2016 er framreiknaður með þeim launabreytingum sem eru þekktar samkvæmt kjarasamningum á hverjum starfsstað. Ekki hefur verið hægt að gera launaáætlun þar sem tekið hefur verið tillit til starfsmannabreytinga frá 2016 til 2017. Þetta veldur að töluverð óvissa er með útreikninga á launaáætlun og hve vel launaáætlun og launarammi falli saman. Á næstu vikum er vonast til að launaáætlunarkerfi verði komið í notkun og þá verði hægt að koma með nákvæmari launaáætlun.

## SKIPURIT




## STARFSFÓLK

| | 2017 |
|---|---|
| **Fjöldi starfsmanna** | 5.049 |
| **Fjöldi stöðugilda** | 3.958 |
| **Eftir skrifstofum (þjónustuþáttum)** | |
| Leikskólar* | 1.543 |
| Grunnskólar | 1.882 |
| Frístundamiðstöðvar | 434,8 |
| Námsflokkar Reykjavíkur | 5,5 |
| Skólahljómsveitir | 27,5 |
| Margmiðlunarver | 1 |
| Skrifstofa SFS | 64 |

*Unnið að endurmati vegna inntöku mars/apríl barna

## SKIPTING REKSTRAR 2017




## HLUTVERK

- Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
- Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

# MEGINÁHERSLUR 2017, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva borgarinnar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar, myndvers og skólahljómsveita. Sviðið hefur eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og myndlistarskóla og annarri sambærilegri starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg. Þá annast sviðið umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum vegna sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskólabörn og í tengslum við frístundaráðgjöf. Jafnframt hefur sviðið eftirlit með daggæslu í heimahúsum. Þjónusta sviðsins nær til um 22.000 barna og fjölskyldna þeirra. Á sviðinu starfa um 5000 manns. Megináherslur í stefnu skóla– og frístundasviðs má sjá í stefnukorti sviðsins hér til hliðar. Viðfangsefni og áherslur næstu ára byggja á þessum megináherslum og á samstarfssáttmála meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur.




## Fjórir umbótaþættir á starfsárinu 2016-2017

Skóla- og frístundasvið vinnur að fimm meignumbótaþáttum á starfsárinu 2016-2017, sem eru:

- **Málþroski, læsi og lesskilningur** - Stefnumótun um læsi og lestrarnám er forgangsmál í málaflokknum. Leggja þarf samfellda áherslu á málrækt og málörvun leik- og grunnskólabarna alla skólagönguna, efla lestrarfærni og þjálfa lesskilning með markvissum kennsluaðferðum.
- **Verk-, tækni- og listnám** - Mikilvægt er að hlúa í auknum mæli að eflingu verk-, tækni- og listnáms í skóla- og frístundastarfi með það fyrir augum að efla áhuga barna og ungmenna á þeim möguleikum sem felast í því að mennta sig á þeim sviðum eftir formlegum og óformlegum leiðum. Sérstök áhersla er á að bregðast snemma við lestrarvanda og auka stuðning við börn sem dregist hafa aftur úr jafnöldrum sínum.
- **Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi** - Meginforsenda lýðræðis er að börn og unglingar læri um lýðræði með því að starfa í lýðræði. Það sama á við um mannréttindi og jafnrétti. Starfshættir í skóla- og frístundastarfi þurfa að endurspegla þessa þætti líkt og kveðið er á um í stefnu um skóla án aðgreiningar og í stefnu um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf. Þessar áherslur birtast sérstaklega í stefnumótun um nemendamiðað skólastarf.
- **Fjölmenning** - Í fjölmenningarstefnu SFS, sem innleidd verður á næstu þremur árum, eru settar fram þrjár meginstoðir. Í fyrsta lagi að starfsfólk tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og starfsaðferðir, í öðru lagi að stuðlað sé að góðri og markvissri kennslu íslensku sem annars máls frá upphafi leikskólagöngunnar til loka grunnskólans. Um leið skuli leitað leiða til að vinna með fjölbreytt móðurmál. Í þriðja lagi er lögð áhersla á að starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hafi frumkvæði að samstarfi við foreldra og þrói lausnamiðaðar leiðir til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla hindri samstarf.

## Mikilvægustu viðfangefnin og áherslur 2017-2021

1. **Nemendamiðað skóla- og frístundastarf** - Auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangsröðun í skóla- og frístundastarfi. Leggja áherslu á einstaklingsmiðun, frumkvæði og sköpunargleði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi. Nýta niðurstöður rannsókna á nemendamiðuðu skóla- og frístundastarfi. Auka framboð símenntunar fyrir starfsfólk um nemendamiðað skóla- og frístundastarf.

2. **Efling lestrarfærni og lesskilnings í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi** - Greina sem fyrst börn með málþroskaröskun eða lestrarörðugleika og auka faglegan stuðning við starfsfólk. Efla samstarf við foreldra um læsi barna og ungmenna með áherslu á að þeir geti hvatt til og tekið þátt í lestrarþjálfun barna sinna. Vinna á markvissan hátt með bernskulæsi í leikskólum á grunni læsisstefnu leikskóla. Vekja áhuga barna og ungmenna á lestri með fjölbreyttum hætti, ekki síst í frístundastarfi.

3. **Fjölmenning** - Auka íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna með áherslu á virkt tvítyngi. Innleiða móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Tryggja jafnt aðgengi allra barna að fjölbreyttu frístundastarfi, ekki síst barna

af erlendum uppruna. Leita nýrra leiða til að efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna. Leggja áherslu á gagnkvæma aðlögun og samskipti barna óháð uppruna.

4. **Verk-, tækni- og listnám í öndvegi** - Stuðla að vitundarvakningu meðal barna, ungmenna og foreldra um gildi verk-, tækni- og listgreina. Auka aðgang barna í leikskólum og grunnskólum að verk-, tækni- og listnámi með fjölbreyttum hætti, m.a. í samstarfi við fagfélög og vinnumarkað. Fjölga nýsköpunarverkefnum í skóla- og frístundastarfi og nýta aðstöðu fyrir verk-, tækni- og listfræðslu þvert á skóla- og frístundastarf, t.d. sérgreinastofur, bókasöfn og útikennslusvæði. Auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í öllum hverfum við menningarstofnanir borgarinnar. Stuðla að jafnræði varðandi aðgang barna í borginni að tónlistarnámi og skólahljómsveitum.

5. **Gæði og fagmennska – eftirsóknarvert starfsumhverfi** - Starfsstaðir og skrifstofa sviðsins vinna af metnaði að innleiðingu aðalnámskráa leik- og grunnskóla og stefnu um frístunda- og félagsstarf á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn og ungmenni. Hlúa að starfsfólki, stjórnendum og innviðum starfsstaða með það fyrir augum að skapa gott og eftirsóknarvert starfsumhverfi. Efla svigrúm til faglegrar stjórnunar í skóla- og frístundastarfi og stuðla að fjölbreyttri starfsþróun allra starfsmanna til að efla gæði og fagmennsku í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Treysta í sessi og fylgja eftir gæðamati á skóla- og frístundastarfi. Eftirfylgni verði tryggð með umbótaáætlunum með áherslu á að virkja allt starfsfólk. Stjórnendur og skrifstofa sviðsins nýti niðurstöður á mati til umbóta. Hvetja til aukinnar teymiskennslu og styðja við bakið á starfsstöðum sem vilja auka hana. Auka samstarf við önnur sveitarfélög og fræðasamfélagið.

6. **Heilsa, líðan og velferð** - Leggja áherslu á heilsueflingu barna og ungmenna, með áherslu á hollt og næringarríkt mataræði, fjölbreytta hreyfingu og vellíðan. Vinna markvisst að því að efla sjálfstraust barna og ungmenna í daglegu starfi. Auka snemmtæka íhlutun í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi til að efla börn og ungmenni og styðja þau í að yfirvinna erfiðleika. Bæta þjónustu við börn í fjölþættum vanda. Auka kynfræðslu í grunnskólum með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinsegin-fræðum. Efla kynjafræðiþekkingu starfsfólks starfsstaða sviðsins. Stuðla að heilsueflingu starfsfólks, framfylgja viðverustefnu og draga úr fjarvistum í samráði við starfsstaði. Vinna í hverfum að aðgerðaráætlunum um forvarnir.

7. **Virkt foreldrasamstarf - bætt þjónusta við barnafjölskyldur** - Gerður verði samstarfssáttmáli milli skóla og foreldra um gagnkvæm réttindi og skyldur. Auka ráðgjöf og leiðsögn til foreldra um leiðir til að auka virkni foreldra í skóla- og frístundastarfi. Efla kynningarstarf í öllum hverfum um frístundatilboð fyrir börn og unglinga, í samstarfi við þjónustumiðstöðvar. Unnið verði að auknum gæðum foreldrasamstarfs með eflingu skólaráða og foreldraráða.

8. **Jafnrétti, mannréttindi og lýðræði** - Auka jafnrétti á öllum sviðum og vinna að eflingu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar. Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar verði framfylgt á öllum starfsstöðum sviðsins. Vinna að lýðræðislegu uppeldi og fræðslu með því að auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangsröðun í skóla- og frístundastarfi með áherslu á frumkvæði og nemendamiðað skólastarf. Vinna markvisst að innleiðingu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar og aðgerðum sem stuðla að því að vinna samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra. Innleiða Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í alla starfsemi sviðsins.

9. **Aukin samþætting skóla- og frístundastarfs og samfella skólastiga** - Auka samþættingu í starseminni með áherslu á jafningjafræðslu og miðlun bestu hugmynda. Stuðla að aukinni samþættingu í námi og starfi þar sem unnið er þvert á faggreinar. Leita leiða til að gefa grunnskólanemendum kost á að taka framhaldsskólaáfanga meðan á grunnskólanámi stendur. Vinna að samfelldum degi barna 6-16 ára.

